

## Fundargerð samráðshóps SSH um velferðarmál – 28. fundur 2024

Dagsetning fundar: 11.09.2024

Tímasetning fundar: 08.30-10.30

Fundarstaður: Hamraborg

**Viðstaddir:** Aðalbjörg Traustadóttir frá Reykjavík, Sigurbjörg Fjölnisdóttir og Kristbjörg Hjaltadóttir frá Mosfellsbæ, Svanhildur Þengilsdóttir frá Garðabæ, Baldur Pálsson frá Seltjarnarnesi og Guðlaug Ósk Gísladóttir frá Hafnarfirði.

Kristbjörg Hjaltadóttir ritaði fundargerð.

### 1. Múlalundur

Áframhaldandi umræða um Múlalund og hugmyndir þeirra um að bjóða upp á virkniúrræði. Múlalundur hefur átt í samtölum við flest sveitarfélögin og hefur nú sent frá sér tillögu að viljayfirlýsingu, sem að mati hópsins er mjög opin og ekkínægilega skýr.

Samkvæmt tillögu Múlalundar er einnig verið að setja fram úrræði fyrir hópinn sem er ekki knýjandi hjá sveitarfélagunum að koma í virkni, auk þess sem verðið er nokkuð hátt miðað við önnur úrræði.

Einnig var rætt um þjónustu fyrir þá fötluðu einstaklinga sem eru orðnir 67 ára eða eldri og eru þrátt fyrir það að mæta enn í dagþjónustu/vinnu og virkni. Fulltrúar Mosfellsbæjar sögðu frá því að verið sé að skoða að bjóða öldruðum fötluðum einstaklingum að mæta í félagsstarf hluta úr degi sem valkost við að mæta í vinnu og virkni.

Óskað eftir því að á dagskrá samráðshópsins verði sett umræða um þjónustuúrræði fyrir fatlað fólk 67 ára og eldra, dagdvalir og hjúkrunarrými ásamt því að óska eftir því á dagskrá haustfundar samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu.

Rætt um hvort eigi að senda úr spurningalista á heimilin til að kanna hversu mörg heimili eru með ófaglært fólk að sinna hjúkrunarverkefnum.

#### Bókun

Formaður hópsins mun semja svar, benda á að það þurfi aðra útfærslu og senda á Múlalund fyrir hönd samráðshópsins.

Óskað eftir því að á dagskrá samráðshópsins verði sett umræða um þjónustuúrræði fyrir fatlað fólk 67 ára og eldra, dagdvalir og hjúkrunarrými ásamt því að óska eftir því á dagskrá haustfundar samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu.

### 2. Akstursþjónusta fatlaðs fólks – verð

Rætt um breytingu á gjaldskrá á akstursþjónustu en málið hefur ekki verið afgreitt frá velferðarráði Reykjavíkurborgar og því beðið eftir þeirri afgreiðslu til þess að hægt sé að klára breytingu á gjaldskrá sveitarfélaganna.

Óska þarf síðan eftir því að skoðað verði með lögmönnum sveitarfélaganna hvernig þurfi að haga endurgreiðslum.

Skoðað að boða formann stjórnar Pant á fund velferðarráðs Reykjavíkurborgar þann 18. september þegar málið verður tekið fyrir.

### **3. Vistun barna með hliðsjón af skýrslu UA um einkarekin úrræði**

Rætt um vistun barna utan heimilis og hvort eigi að gera slíkt á grunni barnaverndarlaga eða laga um þjónustu við fatlað fólk en sérfræðiteymið á að fjalla um mál á þann hátt að ákveða á hvaða lagagrunni eigi að vista börn utan heimilis. Koma hafa upp mál þar sem teymið tekur ekki afstöðu til þess.

#### **Bókun**

Óskað eftir að umræða um þetta mál verði tekið upp á haustfundi samtakanna.

**Fundi slitið kl 10:09**